

## REFSIRÉTTARNEFND

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ	
Innk:	29/11 '06
Málsnr:	SAM06080066
Bréfal.:	601

Samgönguráðuneytið  
b.t. Ragnhildar Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/974*  
*komudagur 14.2.2007*

Reykjavík, 27. nóvember 2006.

Vísað er til erindis samgönguráðuneytisins, dags. 27. október 2006, til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem framsent var til refsiréttarnefndar með bréfi, dags. 3. nóvember s.á., þar sem óskað er eftir álitni nefndarinnar á 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987.

Refsiréttarnefnd hefur tekið erindið fyrir á fundi sínum.

Það skal tekið fram að í umsögn þessari verður miðað við þau drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, sem fylgdi bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 27. október sl., til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, og framsent var til refsiréttarnefndar, meðal annars um númer frumvarpsgreina.

### I.

Í upphafi athugasemda við 6. gr. frumvarpsins kemur fram að tillagan sé byggð á því að það aðhald, sem ökumönnum sé veitt með viðurlögum vegna umferðarlagabrota, „dugi ekki alls kostar gagnvart tilteknum hópi ökumanna, tiltölulega litlum hópi þó. Þar sýnist meira [þurfi] að koma til, einkum og sér í lagi með tilliti til þeirrar viðleitni að koma í veg fyrir ítrekuð brot. Því [sé] gerð tillaga um að ákvæði verði sett í umferðarlög þess efnis að vélknúid ökutæki brotamanns verði gert upptækt, annars vegar með heimild þegar um er að ræða gróf eða ítrekuð brot á umferðarlögum en hins vegar að skylt sé að beita upptöku þegar um er að ræða tiltekin ítrekuð ölvunarakstursbrot“. Þá segir svo í athugasemdunum:

Ákvæði um upptöku eru í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 en þess munu vart dæmi að þeim hafi verið beitt vegna brota á umferðarlögum. Tillaga um að setja ákvæði um upptöku í umferðarlög er sett fram í þeim tilgangi að stuðla að því að upptöku verði oftast beitt vegna umferðarlagabrota en verið hefur.

Tillagan gerir ráð fyrir að upptöku megi beita vegna hvers konar brota á umferðarlögum, sé um gróf eða ítrekuð brot að ræða. Einkum er í því efni um að ræða gróf eða ítrekuð brot vegna ölvunaraksturs, ítrekaðan akstur þess sem sviptur er ökurétti eða þess sem hefur ekki öðlast ökuréttindi eða mjög vítavörðan akstur.

Aukin heimild til að gera ökutæki upptæk er til þess fallin að hafa fyrirbyggjandi áhrif, ekki eingöngu vegna fjárhagslegra sjónarmiða heldur einnig þannig að upptakan hefur bein áhrif á möguleika til þess að nota upptökuandlagið, ökutækið sem notað var

þegar brotið var framið, á ný við brotið. Upptaka er liður í því að koma í veg fyrir frekari brot.

Loks segir í athugasemdum við umrædda 6. gr. að tillagan sé mótuð af efni 133. gr. a dönsku umferðarlaganna sem lögfest hafi verið með lögum nr. 278 frá 8. maí 1991 og breytt árið 2005. Danska ákvæðið er svohljóðandi:

§133 a. Ved grove eller gentagne overtrædelser af færdselsloven kan der ske konfiskation af det ved overtrædelserne anvendte motordrevne køretøj, hvortil der kræves kørekort, hvis det må anses for påkrævet for at forebygge yderligere overtrædelser af færdselsloven. Under tilsvarende betingelser kan der ske konfiskation af et motordrevet køretøj, hvortil der kræves kørekort, der ejes af den person, der har foretaget overtrædelser, selv om køretøjet ikke er anvendt ved overtrædelserne.

Stk 2. Konfiskation skal ske, hvis ejeren af køretøjet har gjort sig skyldig i spirituskørsel med en promille over 1,20, der medfører ubetinget fratagelse af førerretten, og den pågældende to gange tidligere inden for de seneste 3 år, før det nye forhold er begået, har gjort sig skyldig i spirituskørsel med en promille over 1,20, der har medført ubetinget fratagelse af førerretten. Konfiskation skal ske, selv om køretøjet ikke er anvendt ved den aktuelle overtrædelse.

Stk. 3. Bestemmelsen i stk. 2 kan fraviges, når særlige grunde undtagelsesvis taler herfor.

Stk. 4. I øvrigt gælder straffelovens regler om konfiskation.«

Í Danmörku var ákvæði um upptöku ökutækis upphaflega lögfest hinn 8. maí 1991. Almennar reglur dönsku hegningarlaganna um eignarupptöku tóku til þessara tilvika en tilgangur hinnar sérgreindu upptökuheimildar var að stuðla að því að dómstólar beittu upptöku á þessu sviði í ríkari mæli. Í athugasemdum við frumvarpið að danska ákvæðinu kemur fram að þess megi vænta að aukin beiting úrræðisins hafi almenn varnaðaráhrif, bæði vegna fjárhagslegra afleiðinga þess og vegna þess að viðkomandi geti ekki áfram nýtt upptökuandlagið, þ.e. ökutækið sem var notað til að fremja brotið. Þá er vísað til þess að það geti virst óeðlilegt að einstaklingur sem endurtekið hafi stefnt umferðaröryggi í hættu viðhaldi eignarhaldi á því ökutæki, sem geri brotin möguleg, og geti þar með haldið háttsemi sinni áfram. Ákvæðinu var breytt með lögum nr. 363 frá 24. maí 2005, en frumvarp til þeirra var byggt á álitni nefndar um ákvörðun viðurlaga vegna ölvunaraksturs. Með breytingunni var gildissvið ákvæðisins rýmkað og jafnframt leitast við að auka beitingu úrræðisins, meðal annars með því að mæla fyrir um skyldu til beitingar þess í ákveðnum tilvikum. Tilgangurinn var sá sami og með fyrra frumvarpi, þ.e. að draga úr grófum eða endurteknum brotum gegn umferðarlögum og auka þar með varnaðaráhrif.

## II.

Af framansögðu verður ráðið að með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði sérgreind heimild til upptöku vélknúinna ökutækja með nýrri 107. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987. Ljóst er af lestri almenna hluta athugasemdanna með frumvarpinu að tillagan er liður í aðgerðum stjórnvalda til að auka umferðaröryggi. Gerir frumvarpið ráð fyrir hertum viðurlögum við brotum af þessu tagi og auknum kröfum til ungra ökumanna með reglum um bráðabirgðaskírteini.

Eins og réttilega er lagt til grundvallar í athugasemdum að baki 6. gr. frumvarpsins geta ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fræðilega séð veitt heimild til upp-

töku vélknúinna ökutækja sem notuð hafa verið til að fremja refsiverð brot á umferðarlögum. Refsiréttarnefnd tekur ekki sjálfstæða afstöðu til þess hvort þörf sé á því að auka varnaðaráhrif viðurlaga vegna umferðarlagabrota með sérgreindri endurupptökuheimild. Nefndin leggur aðeins á það áherslu að við mótnun slíkrar heimildar sé eins og kostur er leitast við að haga orðalagi hennar og framsetningu að öðru leyti þannig að sýnt þyki til hvaða tilvika upptökuheimildinni er ætlað að ná. Huga þarf að ákveðnum orðalagsbreytingum á fyrirbyggjandi tillögu með þetta markmið í huga og eru tillögur nefndarinnar í þeim efnum eftirfarandi:

1. Í fyrri málslið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins eru tilgreind þau efnislegu skilyrði fyrir beitingu upptökuheimildarinnar að um sé að ræða *gróf eða endurtekin brot*. Í fyrsta lagi gerir refsiréttarnefnd þá athugasemd við þetta orðalag að notað sé orðið *gróft* til þess að lýsa skilyrði um alvarleika brots. Það á sér ekki almenna samsvörun í refsilögum heldur er gjarnan leitast við að orða slíkan mælikvarða með orðum á borð við *stórfellt brot*. Í öðru lagi er í athugasemdum við 6. gr. nær undantekningarlaust og réttilega talað um *ítrekuð brot* sem er í samræmi við hefðbundna hugtakanotkun innan refsiréttar og leiðir meðal annars af hinu almenna ítrekunarákvæði 71. gr. hegningarlaga. Á hinn bóginn endurspeglast þessi hugtakanotkun ekki í texta 6. gr. þar sem, eins og fyrr greinir, er þetta skilyrðið orðað sem *endurtekin brot*. Nefndin leggur samkvæmt þessu til að notast verði við orðasambandið *stórfellð eða ítrekuð brot* í fyrsta málslið 1. mgr. 6. gr.
2. Í fyrri málslið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins virðist það ekki gert að skilyrði að það vélknúna ökutæki, sem gert er upptækt, sé *í eigu* gerandans. Hvorki er gerð grein fyrir tilgangi þessarar heimildar í athugasemdum við ákvæðið né lýst nánar þeim tilvikum sem undir hana myndu falla. Refsiréttarnefnd vekur athygli á því að með ákvæðinu er að efni til veitt heimild til að gera ökutæki upptækt án þess að eigandi sé gerandi eða sé öðru leyti við málið riðinn, sjá hins vegar framsetninguna í 1. tölul. 1. mgr. 69. gr. hegningarlaga. Óljóst er hvort tilvísunin í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins til þess að ákvæði hegningarlaga um upptöku eigna gildi „að öðru leyti“ verði skilin þannig að nefndan fyrirvara í 1. tölul. 1. mgr. 69. gr. verði að gera við beitingu fyrri málsliðar 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ef hugsunin er sú að fyrri málsliður 1. mgr. 6. gr. eigi að veita heimild til að gera ökutæki upptækt án þess að eigandinn hafi nokkuð verið við málið riðinn, og þá vegna nauðsynjar til að fyrirbyggja frekari afbrot, kann heimildin að ganga nærri stjórnarskrárvörðum eignarétti eiganda ökutækisins, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Verður því að liggja fyrir ígrundað mat um hvort þá leið eigi að fara hér á landi hvað sem líður fyrirmyndinni í danska ákvæðinu.
3. Refsiréttarnefnd tekur fram að 1. og 2. mgr. 6. gr. eru þannig fram sett að annars vegar er í 1. mgr. um að ræða heimildarákvæði þar sem mælikvarðinn miðast eins og fyrr greinir aðeins við *gróf eða endurtekin brot*, sbr. athugasemdir nefndarinnar í lið 1 hér að framan, án nánar efnislýsingar. Í öðru lagi er um að ræða skylduákvæði til upptöku ökutækis í 2. mgr. þegar um tiltekna tegund ítrekaðs ölvunaraksturs er að ræða, sbr. þó undanþáguákvæði 3. mgr. sem nánar verður vikið að í lið 7 hér síðar. Í athugasemdum við 6. gr. segir að tillagan geri ráð fyrir að upptöku megi beita vegna hvers konar brota á umferðarlögum, sé um *gróf eða ítrekuð brot* að ræða. Einkum sé

„í því efni um að ræða gróf eða ítrekuð brot vegna ölvunaraksturs, ítrekaðan akstur þess sem sviptur er ökurétti eða þess sem ekki hefur öðlast ökuréttindi eða mjög vítaverðan akstur“. Refsiráttarnefnd teldi það til mikilla bóta með tilliti til réttaröryggis og fyrirsjáanleika að heimildarákvæði 1. mgr. 6. gr. yrði nánar afmarkað efnislega og þá eftir atvikum með þeim hætti sem fram kemur í tilvitnuðum athugasemdum. Yrði þá í 1. mgr. 6. gr. beinlínis tekið fram, að teknu tilliti til athugasemda nefndarinnar í lið 1 hér að framan, að ákvæðið eigi við um *stórfelld eða ítrekuð ölvunarakstursbrot, sem ekki falla undir 2. mgr., stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi eða loks stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur sem telst sérlega víta-verður að öðru leyti*.

4. Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er notað orðalagið *fundinn sekur og gerst sekur* þegar vísað er til skyldu til að gera ökutæki upptækt þegar eigandi þess er ölvaður við akstur. Réttara væri hér að gæta samræmis við hugtakanotkunina í hinu almenna ítrekunarákvæði 71. gr. hegningarlaga, þ.e. að maður hafi verið *dæmdur sekur eða gengist undir refsingu*.
5. Þá er skylduákvæði 2. mgr. 6. gr., um upptöku ökutækis við nánar tilgreindar aðstæður, miðað við að áfengismagn í blóði eiganda þess sé *meira en 1,20%* og að viðkomandi hafi tvisvar áður gerst sekur um ölvunarakstur þar sem áfengismagn í blóði hefur mælst *meira en 1,20%*. Í 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hins vegar gerður greinarmunur á færni ökumanns til að stjórna ökutæki eftir því hvort vínandamagn í blóði hans nemur *1,20% eða meira*, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Sektir og svipting ökuréttar vegna ölvunaraksturs miðast einnig við þessi mörk, sbr. VII. kafla reglugerðar nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Samræmisins vegna væri því eðlilegra í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins að miða við að vínandamagn sé *1,20 % eða meira*. Þá væri rétt að gæta samræmis við önnur ákvæði laganna hvað varðar hugtakanotkun en í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er orðið *áfengismagn* notað en orðið *vínandamagn* í 45. gr. umferðarlaga. Eðlilegra er að nota síðarnefnda orðið í þessu sambandi.
6. Í 2. mgr. 6. gr. er aðeins miðað við það að mælingu á áfengismagni *í blóði*. Vakin skal athygli á því að ölvunarakstursákvæði 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga gerir ráð fyrir því að mæling á vínandamagni geti hvort tveggja verið *í blóði eða í lofti*. Nauðsynlegt er að ákvæði 2. mgr. 6. gr. taki einnig mið af því.
7. Í 3. mgr. 6. gr. er veitt heimild til að víkja frá skyldu til upptöku í 2. mgr. *í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því*. Um þessa undanþáguheimild er ekkert fjallað í greinargerð og afar erfitt er að draga ályktanir af orðalagi ákvæðisins um þau tilvik sem þarna gætu fallið undir. Nauðsynlegt er að mati refsiráttarnefndar að gerður verði reki að því að skýra nánar í hvaða tilvikum kæmi til greina að beita þessari heimild.
8. Í 4. mgr. 6. gr. er kveðið á um það að ákvæði almennra hegningarlaga um upptöku eigna gildi „að öðru leyti“, sbr. athugasemdir í lið 2 hér að framan. Refsiráttarnefnd telur rétt að í staðinn fyrir þá almennu tilvísun verði 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga, að breyttu breytanda, tekin beint upp í texta 4. mgr. 6. gr.

## III.

Að öllu framangreindu virtu telur refsiréttarnefnd að nauðsynlegt sé leggja mat á þau atriði, sem rakin eru í liðum 1-8 hér að framan, við frekari meðferð 6. gr. frumvarpsins. Verði talið að þörf sé á að lögfesta sérgreinda eignarupptökuheimild í umferðarlög, en til þess tekur refsiréttarnefnd ekki efnislega afstöðu, leggur nefndin til að ákvæðið verði svohljóðandi:

## 6. gr.

Á eftir 107. gr. kemur ný grein, 107. gr. a, svohljóðandi:

*Upptaka vélknúinna ökutækja.*


Þegar um stórfelldan eða ítrekaðan ölvunarakstur er að ræða, sem ekki fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, stórfelldan eða ítrekaðan akstur manns sem sviptur hefur verið ökurétti eða manns sem ekki hefur öðlast ökuréttindi, stórfelldan eða ítrekaðan hraðakstur eða akstur, sem telst sérlega vítaværður að öðru leyti, má gera upptækt vélknúið ökutæki, sem ökuskipteini þarf til að stjórna og notað er við brotið, ef það er talið nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja frekari brot á umferðarlögum eða öðrum lögum, nema það sé eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn. Við sömu aðstæður og með sömu skilyrðum má gera upptækt vélknúið ökutæki, sem ökuskipteini þarf til að stjórna og er eign þess sem hefur framið brotið, enda þótt ökutæki hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Gera skal ökutæki upptækt þegar eigandi ökutækisins hefur dæmdur sekur eða gengist undir refsingu vegna aksturs undir áhrifum áfengis, sem hefur í för með sér sviptingu ökuréttar, og vinnandamagn í blóði er 1,20% eða meira eða vinnandamagn í lítra lofts, sem hann andar frá sér, nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira, og viðkomandi hefur tvisvar síðustu 3 árin fyrir brotið verið dæmdur sekur eða gengist undir refsingu fyrir akstur undir áhrifum áfengis, þar sem vinnandamagn í blóði hefur mælst 1,20% eða meira eða vinnandamagn í lítra lofts, sem hann andar frá sér, hefur numið 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira, og sem haft hefur í för með sér sviptingu ökuréttar. Gera skal ökutæki upptækt enda þótt það hafi ekki verið notað þegar brotið var framið.

Víkja má frá ákvæði 2. mgr. í undantekningartilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt.

f.h. refsiréttarnefndar,  
virðingarfyllst,



Róbert R. Spanó formaður

Afrit sent:

Dómsmálaráðuneyti  
b.t. Rögnu Árnadóttur  
skrifstofustjóra lagaskrifstofu  
Skuggasundi  
150 Reykjavík.